

Um þetta efni er yður hér með kunngjört, að bæði eptir 1861.
orðum hins opna bréfs og þeim umræðum, sem áður urðu um 30. ágústm.
lagaboð þetta á alþingi, ber að álíta, að það einnig nái til
þeirra tómthúsa, sem eru á jörð þeirri, er að ofan er nefnd,
að svo miklu leyti, sem engu lóðargjaldi hefir verið af þeim
svarað, áður en lagaboðið kom út.

**52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnar- 30. ágústm.
innar, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini.**

Að undirlagi hins konunglega kaupræðismanns í Liverpool
hefir utanríkisstjórnin í bréfi 31. f. m. spurt um, hvort enn sè
naðsyn á, að kaupræðismenn staðfesti vöruskrár og heilbrigðis-
skýrteini þeirra skipa, sem ætla að fara til Íslands og Færeyja,
svo sem fyrir er mælt í 8. grein í lögum 15. aprílm. 1854,
og hvort haldið skuli áfram að heimta borgun þá, sem ákveðin
er fyrir staðfesting þessa.

Þessu leyfir dómsmálastjórnin sèr að svara á þá leið: að
með því lagaákvörðun sú, sem nú var getið, enn er í gildi,
þá leiðir beina leið af því, að staðfesting sú, sem hér er um
rætt, framvegis er nauðsynleg; og þar sem hinn konunglegi
kaupræðismaður hefir sagt, að ýmsir skipstjórar hafi skýrt hon-
um frá, að vöruskrárnar sèu aldrei heimtaðar af þeim, og heil-
brigðisskýrteini að eins sjaldan, þá skal þess getið, að vöruskrár
hafa á ári hverju verið sendar stjórnarráðinu samkvæmt lögum-
um, og eru þar á meðal nokkrar, sem hinn konunglegi kaup-
ræðismaður í Liverpool hefir staðfest.

**53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 30. ágústm.
og amtmannanna á Íslandi, um vöruskrár og heil-
brigðisskýrteini.**

Þaræð ráða má af skýrslu, er hingað hefir komið frá utan-
ríkisstjórninni, að ekki er ætíð heimtað af skipstjórunum vöruskrár